

Skaftárhreppur
Klausturvegi
880 Kirkjubæjarklaustur

Selfoss, 1.11.2023
UST202301-255/H.M.V.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 3. ágúst 2023 - Skaftárhreppur, urðunarstaður á Stjórnarsandi.

Þann 3. ágúst sl. fór fram eftirlit á urðunarstað Skaftárhrepps á Stjórnarsandi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eldra frávik er enn opið vegna mikils magns af ókurluðum timburhaugi sem var til staðar við eftirlit árið 2019. Úrbótaáætlun átti að berast til Umhverfisstofnunar 9. mars 2022. Úrbótaáætlun barst ekki til Umhverfisstofnunar á tilsettum tíma.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Við eftirlit var ekki hægt að inna eftir upplýsingum um umhverfismarkmið, viðbragðsáætlun né nýjum upplýsingum um tryggingar þar sem starfsmaður sem tók á móti eftirlitsaðila var ekki í forsvari sem fulltrúi rekstraraðila. Ef fulltrúi rekstraraðila fær annan til að taka á móti eftirlitsaðila, þurfa þessar upplýsingar að liggja fyrir hjá eftirfarandi, ásamt því að þekking á ákvæðum starfsleyfis þarf að vera til staðar. Ef mannabreytingar verða á fulltrúa rekstraraðila þarf að upplýsa Umhverfisstofnun um þær breytingar.

Þrjú frávik komu fram er varða: 1.

1. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Halda skal skráningum yfir magn og tegundir úrgangs sem berst til rekstraraðila. Á það bæði við um úrgang sem móttækinn er til geymslu á svæðinu og þann sem urðaður er. Mikið magn er af úrgangi til staðar í geymslu á urðunarsvæði rekstraraðila. Sjá viðmið um magn á úrgangi sem má vera til staðar á hverjum tíma í starfsleyfi.
2. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Skráningar á innra eftirliti rekstraraðila voru ekki til staðar. Vantar skráningar á öllum úrgangi sem tekið er á móti ásamt niðurstöðum eftirlitsmælinga á grunnvatni, sbr. gr. 5.2 í starfsleyfi.

3. Gr. 5.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun niðurstöður skráninga sbr. gr. 5.1 fyrir 1. Maí ár hvert. Engum skráningum var skilað.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 16. nóvember 2023.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur